

15. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn föstudaginn 28. ágúst í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 8.30.

Mættir eru: Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Þorbjörg Sandholt, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir og Stefán Bogi Sveinsson

Hannes Karl Hilmarsson, Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, og Elvar Snær Kristjánsson boðuðu forföll.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar Undirbúningsstjórnar lögð fram og staðfest.

Fundargerðir fundar Framkvæmdahóps lagðar fram til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Björn fór yfir helstu forsendur við gerð fjárhagsáætlunar sameinaðs sveitarfélags og kynnti drög að áætlun.

Unnið er út frá því markmiði að A hluti skili um 50 mkr. afgangi til að standa undir 696 millj. kr. fjárfestingum sem er í samanlögðum áætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir 767 millj. kr. í lántöku í samanlögðum áætlunum sem þarf að til að mæta fjárfestingum og afborgunum af lánunum.

Vinna við áætlanagerð B-hluta fyrirtækja stendur yfir, en þar eru nokkur álitamál sem unnið er að úrlausn með aðstoð KPMG og Deloitte.

Vinnuáætlun gerir ráð fyrir að ný sveitarstjórn geti fjallað um tillögu að fjárhagsáætlun í október.

Unnið er að ýmsum praktískum atriðum sem snúa að reikningshaldi sem þurfa að vera tilbúin við gildistöku sveitarfélagsins. Nýtt reikningstímabil hjá nýju sveitarfélagi hefst frá og með 1. október 2020 og verða unnir árshlutareikningar fyrir fráfarandi sveitarfélög sem miðast við þá tímasetningu. Unnið er að stofnun bankareikninga og rafrænna skilríkja fyrir starfsmenn sem þurfa að hafa viðeigandi heimildir.

3. Byggðasamlög og B-hluta fyrirtæki

Björn fór yfir helstu álitamál og ákvarðanir sem ný sveitarstjórn þarf að taka varðandi byggðasamlög og B-hluta fyrirtæki.

Lögð voru fram minnisblöð endurskoðenda varðandi meðhöndlun byggðasamlaga, yfirfærslu veitna til HEF og framsetningu á ársreikningi sameinaðs sveitarfélags.

4. Undirbúningur sameiningar

Björn sagði frá því að frágangi við ráðningu starfsfólks í stjórnsýslu er að ljúka.

- Verkefnisstjóri rafrænnar þróunar og þjónustu kemur til starfa 1. september
- Verkefnastjóri mannauðs kemur til starfa 15. september í 50% hlutfall og að fullu frá 1. Október.
- Framkvæmda-og umverfismálastjóri kemur til starfa 15. september

Róbert sagði frá því að unnið er að kynningarefni sem miðar að því að hvetja fólk til að kynna sér heimastjórnarkosningar. Mikilvægt er að segja frá góðum árangri við innleiðingu verkefnisins þannig að starfsfólk og íbúar sjái árangur. Til dæmis þegar sveitarfélagið nær samningum um vöru eða þjónustukaup sem skila hagræði, eða þegar íbúar eða starfsfólk upplifir bættu þjónustu eða samstarf.

Nýtt starfsfólk verður kynnt á næstu dögum og vakin athygli að nýtt sveitarfélag er spennandi starfsvettvangur.

5. Skil Undirbúningsstjórnar til sveitarstjórnar

Í samræmi við verkáætlun verkefnisins er stefnt að því að Undirbúningsstjórn ljúki störfum og skili verkefninu til nýrrar sveitarstjórnar um miðjan október. Æskilegt er að hægt sé að halda skilafund með sveitarstjórninni, þar sem verkefnið verður afhent bæði táknrænt og praktískt.

Róbert kynnti drög að *Samantekt til nýrrar sveitarstjórnar* sem verður meðal skilagagna Undirbúningsstjórnar. Skjalið er í vinnslu og getur nefndarfólk kynnt sér það í möppu Undirbúningsstjórnar.

6. Þóknun til Nafnanefndar vegna atkvæðagreiðslu

Björn lagði til að Nafnanefndin fái greitt fyrir vinnu við undirbúning, umsýslu og talningu við atkvæðagreiðslu um nafn, á sama hátt og greitt er fyrir setu í kjörstjórn.

Samþykkt samhljóða.

7. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Stefnt er að næsta fundi þann 24. september kl. 8.30.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 9:30.